

Fundur í skólaráði Ártúnsskóla

Mættir: Ellen Gísladóttir skólastjóri, Hanna Sóley Helgadóttir aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar, Lilja Rut Bech Hlynsdóttir fulltrúi kennara, Lilja Hrönn forstöðumaður frístundar, Bárður Steinn umsjónarmaður fasteigna og fulltrúi starfsmanna, Una Ragnarsdóttir og Árdís Rún Viðarsdóttir fulltrúar nemenda, Bjarni Þórðarson fulltrúi grenndarsamfélags, Anna Dögg Rúnarsdóttir fulltrúi starfsmanna á leikskóladeild, Birna Guðmundsdóttir skólaráðgjafi og Guðrún Bára Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Fjárhagsstaða við áramót. Samstæðan Ártúnsskóli var í -0,84% halla. Sundurliðun á milli deilda var grunnskóli í -1,03%, leikskóladeild -3,81% og frístund +12.93%. Halla leikskóladeildar má að mestu rekja til tilfærslna á milli deilda sem kostaði meira en áætlað var en er skólastarfinu til mikilla bóta.

Innritun í 1. bekk gengur vel, búið er að innrita 23 börn í 1. bekk. Innritun hófst 18. mars í gegnum nýtt kerfi nemendagrunn sem er innritunarkefi á landsvísu.

Skilafundir eru í maí frá leikskólunum og yfir í grunnskólann og frá okkur yfir í Árbæjarskóla.

Starfsþróunarsamtöl ganga vel og er að mestu lokið.

Matsferill, fyrirlögn er lokið í 4. – 7. bekk. Niðurstöður eru væntanlegar í maí. Prófið gekk vel og undanþágur frá prófatöku mjög fáar í skólanum.

Kynntar voru niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna sem var lögð fyrir á vegum Skóla- og frístundasviðs. Niðurstöðurnar voru sundurgreindar í ár í grunnskóla, leikskóla og frístund. Niðurstöðurnar komu mjög vel út fyrir skólann. Það sem kemur síst út eru vinnuáætlaðir í húsnæði leikskóladeildar en við bíðum þolinmóð eftir endurbótum á húsnæði leikskóladeildarinnar.

Reykjavíkurlleiðin í leikskólum var kynnt og tekur gildi 1. apríl 2026. Þar kemur nýtt inn að ekkert vistunargjald verður fyrir 36 klukkustundir. Foreldrar eru hvattir til að stytta dvalartíma á föstudögum eftir 14:30. Tekjuviðmið eru hækkuð til muna og tekjutendur afsláttarflokkar endurskoðaðir.

Skráning á skráningardögum verður opin í september og janúar. Nýjar tillögur um systkinasameiningu, umsjónarmann fyrir leikskóladeildir, aukna íslenskukennslu fyrir starfsfólk og umsækjendur með annað móðurmál en íslensku. Loka á einn dag í vetrarleyfi í febrúar frá og með 2027.

Það er margt framundan í skólanum fram að skólalokum. Á morgun 26. mars er menningarvaka 7.BT kl. 19. Lokaathöfn í upplestrarkeppni 7. bekkjar, verður 22. apríl í Guðríðarkirkju. 7. bekkur fer í skólabúðir 13. – 16. apríl og með þeim fara Birgitta umsjónarkennari og Ólöf kennari. Fyrirlögn á skólapúlsi verður í apríl í 6. og 7. bekk og fyrirlögn í lesfimi í öllum árgöngum í maí. Síðasti fundur skólaráðs verður 20. maí og sá fundur er opinn fundur fyrir alla aðila skólasamfélagsins.

Fundarritari
Guðrún Bára